

Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi

Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði

Undirritið gerir athugasemd við breytingu á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði og framlagða svokallaða umhverfisskýrslu.

Undirrituð hefur verulegra hagsmuna að gæta enda íbúi og eigandi að Spóaási 10 sem liggur að friðlandi Ástjarnar.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir um málsmeðferð sveitarfélagsins, tilkynningu um breytingu og umhverfisskýrslu.

Málsatvik

Hafnarfjarðarbær er nú í annað sinn að tilkynna um umrædda breytingu á deiliskipulaginu og leggja fram mat á áhrifum breytinganna á umhverfi Ástjarnar, sem er friðlýst svæði. Með breytingunni á að færa og byggja eitt stærsta mannvirki höfuðborgarsvæðisins alveg upp við friðlýsta náttúruperlu höfuðborgarsvæðisins.

Fyrri og eldri tilkynning sveitarfélagsins um breytinguna var gerð september/október 2020. Við þá auglýsingu gerði undirrituð alvarlegar athugasemdir við umhverfisskýrslu sveitarfélagsins, sbr. athugasemdir í tölvubréfi undirritaðrar til Hafnarfjarðarbæjar dags. 14.10.2020. Ljóst var af rýru efni þess mats að sveitarfélagið lagði skýrsluna fram til málamynda. Ekkert mat hafði í reynd farið fram af hálfu sveitarfélagsins. Staðfestist þessi fyrri ólögmæta og ómálefnalega framgangna sveitarfélagsins í því að það var gert afturreka í þessari tilraun sinni. Fara átti „styttri“ leiðina við mat á áhrifum fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulaginu á friðlýst svæði Ástjarnar og dýraríkið þar. Þetta gekk ekki eftir. Nú er gerð önnur tilraun.

Með endurauglýsingu 7.5.2021 lagði sveitarfélagið fram nýja umhverfisskýrslu dags. 7.2.2021. Á bls. 2 er skýrslan sögð unnin af VSÓ ráðgjöf en við lestur skýrslunnar má skýrlega sjá að það er villandi, enda ítrekað vísa til greininga og mats „Hafnarfjarðarbæjar“ sjálfs (bls. 4, 12 og 13). Ekki er um að ræða mat óháðs sérfróðs aðila eins og athugasemd undirritaðrar krafði á um við fyrri auglýsingu, sbr. áður nefnt tölvubréf undirritaðrar til Hafnarfjarðarbæjar 14.10.2020. Áfram eru verulegir annmarkar á umhverfisskýrslunni, sbr. umfjöllun hér síðar.

Áður en lengra er haldið er óhjákvæmilegt að rekja að sveitarfélagið hefur með ólögmætum hætti synjað undirritaðri um aðgang að gögnum í málinu, sbr. kæru til úrskurðarnefndar upplýsingamála dagsett í dag. Í því ljósi hefur undirrituð, eðli málsins samkvæmt, afar takmarkað svigrúm til að leggja fram frekari athugasemdir í endurauglýsingu sveitarfélagsins. Þegar og af þessari ástæðu er endurauglýsing sveitarfélagsins ógild og þess krafist að sveitarfélagið setji aftur fram frest þar sem undirritaðri hefur verið gefinn kostur á að kynna sér öll gögn málsins. Verður nú vikið stuttlega að þessum þætti málsins.

Ólögsmæt synjun um aðgang að gögnum í málinu – Kæra til úrskurðarnefndar upplýsingamála

Undirrituð lagði fram kröfu um aðgang að gögnum hinn 26.10.2020, sbr. tölvubréf undirritaðrar til sveitarfélagsins þann dag. Um átta mánuðum síðar hefur aðgangur ekki verið veittur að einu einasta gagni, þrátt fyrir margar ítrekanir frá undirritaðri.

Hafnarfjarðarbær synjaði undirritaðri um aðgang að gögnum þann 15.4.2021, sbr. tölvubréf þann dag til undirritaðrar. Þrátt fyrir ítrekunarbeiðni mína 25.4.2021 hefur sveitarfélagið heldur ekki útskýrt á hvaða lagagrundvelli mér er synjað um aðgang að gögnunum.

Atvik verða síðan þau að nokkrum dögum eftir áður greinda ítrekun undirritaðrar (sem ekki var svarað af hálfu sveitarfélagsins) setti sveitarfélagið aftur í opinbera tilkynningu breytt deiliskipulag vegna Haukasvæðisins (nánar tiltekið 7. maí 2021). Hvorki þá eða síðar fékk undirrituð gögn frá sveitarfélaginu eða bendingu um „endurauglýsingu“ sveitarfélagsins á breyttu deiluskipulagi.

Að mati undirritaðrar bendir framangreint skýrlega til þess að sveitarfélagið sé vísitandi að halda gögnum málsins frá hagaðilum. Með kæru undirritaðrar til úrskurðarnefndar upplýsingamála var kærð synjun sveitarfélagsins á aðgangi að gögnum. Kæran er hér meðfylgjandi og þess krafist að sveitarfélagið afhendi umbeðin gögn án tafar, ógildi endurauglýsinguna um breytingu á deiliskipulaginu og veiti viðbótarfrest til framlagningar athugasemda. Aðeins þannig er réttur undirritaðrar til athugasemda virtur. Um er að ræða verulega annmarka á málsmeðferð sveitarfélagsins í málinu.

Samþykki Umhverfisstofnunar forsenda framkvæmda

Eins og áður greinir mun með tilkynntu breyttu deiluskipulagi fyrirhugað rísa mannvirki liggja upp að mörkum friðlýsta svæði Ástjarnar. Stundum liggja mörkin alveg saman. Framangreint sýnir að um er að ræða ígildi þess að framkvæmdin nái inn á friðlýsta svæðið. Enda ljóst að svo stórt mannvirki (25 metra hátt) í reynd felur í sér röskun inn á hið friðlýsta svæði, t.d. skuggar, ásýnd, affall vatns, vindur o.s.frv. Hér er því ekki um að ræða starfsemi eða framkvæmd utan friðlýsts svæðis heldur gætir áhrifa á svæðinu.

Undirrituð telur því umrædda fyrirhugaða mannvirkjagerð háða leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. friðlýsingar annars vegar frá árinu 1978 (1. tölulið) og hins vegar frá árinu 1996 (tölulið 9). Þess er því krafist sveitarfélagið, lögum samkvæmt, afli leyfis Umhverfisstofnunar.

Ekki er nægilegt eins og sveitarfélagið boðar í tilkynningunni að afla umsagnar Umhverfisstofnunar. Samþykki Umhverfisstofnunar er skilyrði. Hvað framangreind varðar eru því gerðar alvarlegar athugasemdir við kafla 6 og 6.1. í fyrirliggjandi ætlaðri umhverfisskýrslu sveitarfélagsins.

Athugasemdir við umhverfisskýrslu

Undirrituð vísar til fyrri athugasemda um mat sveitarfélagsins dags. 14.10.2020. Undirliggjandi eru veigamiklir hagsmunir og þ.a.l. gerðar ríkar kröfur til sveitarfélagsins til að kanna til hlítar allar raskanir sem breytingin kann að hafa. Þetta hefur einfaldlega ekki verið gert með þeirri umhverfisskýrslu sem nú liggur fyrir. Sú umhverfisskýrsla sem sveitarfélagið leggur fram með endurauglýsingunni er vanreifuð. Skýrslan er rýr og hvergi aflað annarra

sjónarmiða en hjá sveitarfélaginu sjálfu, sem hefur sjálft þann eina tilgang og markmið, að færa til innan svæðisins og reisa alveg upp við friðlandið gríðarlega stórt mannvirki.

Það mat sem skýrslan á að setja fram svarar ekki áleitnum spurningum um áhrif hárræist mannvirkis á vatnabúskap Ástjarnar og lífríki hennar. Fullyrðingar í skýrslunni um óveruleg neikvæð áhrif á umhverfisþætti eru vanreifaðar og ekki studdar fullnægjandi rökum og gögnum. Framkvæmdin gengur beint gegn skilmálum fyrirliggjandi friðlýsinga á svæðinu.

Í skýrslunni er ekki að finna fullnægjandi mat og hún vanreifuð um mengunaráhættu, breytingar á vatnsflæði eða vatnsborði, áhrif á lífverur á friðlýsta svæðinu, útbreiðsla framandi tegunda, hávaði eða annars konar truflun á svæðinu. Hvergi er í skýrslunni með skilyrðum tryggt að framkvæmdin (til lengri og skemmri tíma) gangi ekki gegn líffræðilegri fjölbreytni með umhverfisvænni og sjálfbærri þróun á hinu friðlýsta svæði. Kynntar ætlaðar mótvægiságerðir ganga alltof skammt enda byggja þær á ófullnægjandi mati á áhrifum breytinganna fyrir svæðið og lífríkið. Til að mynda er með órökstuddra fullyrðingar um að mannvirkið gangi ekki gegn skilmálum friðlýsingar svæðisins og hafi ekki áhrif á flokkun Ástjarnar sem ósnortið vatn. Ekkert orsakasamhengi er milli þeirrar umfjöllunar sem finna má og hugsanlegra afleiðinga fyrir svæðið og lífríki þess.

Í fyrirliggjandi umhverfisskýrslu segir í kafla 5.3: „*Fjölnota knatthúsið kemur til með að verða áberandi kennileyti á svæðinu og á það við um báða valkosti.*“ Einnig segir þetta: „*Sem fyrr segir kemur knatthúsið til með að verða áberandi kennileiti á svæðinu. Ásýnd svæðis mun breytast en framkvæmdir falla þó að helstu einkennum þess, þ.e. þéttbýlt og manngert umhverfi. Áhrif valkosta eru metin óveruleg til neikvæð.*“ Undirrituð gerir athugasemd við framangreint. Hafa skal í huga að með breytingunni á að færa rísa mannvirki nær friðlýstu útivistarsvæði og snúa lengri endanum að svæðinu. Augljóslega hefur það neikvæðari áhrif á landslag og ásýnd heldur en ef húsið væri fjær friðlýsta svæðinu eins og gildandi skipulag gerir ráð fyrir. Þá er gjörsamlega óskiljanlegt hvernig komist er að þeirri niðurstöðu að áhrifin á landslag og ásýnd séu metin óveruleg til neikvæð eins og gert er í skýrslunni. Um er að ræða eitt stærsta mannvirki á höfuðborgarsvæðinu sem er verið að færa nær og alveg upp við friðlýst útivistarsvæði. Framkvæmd þessi fellur með engum hætti að einkennum þessa svæðis þar sem má finna óspillta náttúru. Hvorki íbúðabyggð í kring eða íþróttasvæði Hauka (þar sem jafnvel stendur í dag íþróttahús) standa undir slíkum fullyrðingum að rísa mannvirki „falli“ vel að einkennum þess.

Það er í reynd fásinna að horfa á sveitarfélagið, fyrir aura og krónur, ætla að stofna lífríki og náttúruverlu Hafnarfjarðar og höfuðborgarsvæðisins í þá hættu sem nú vofir yfir. Allir hagsmunir í þessu máli renna í sömu átt, þ.e. að vandað sé til verka sem kostur er, þar sem fullnægjandi og óháð mat sé gert á hugsanlegum áhrifum á umhverfið og lífríki svæðisins. Ýtrustu varúðar skal gæta svo svæðinu og lífríki þess verði ekki spillt.

Gerð er athugasemd við að sveitarfélagið sjái ekki sóma sinn í því að ganga lengra en orðalag friðlýsinga sem eru komnar til ára sinna og flestum ljóst að voru ekki settar fram í því umhverfi sem við þekkjum í dag. Sveitarfélagið ætti, við beitingu skipulagsvalds, að vera í forystu um náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Á hinn bóginn leggur það, í annað skiptið, fram vanreifað mat um áhrifin sem lífverur og vatn getur orðið fyrir á svæðinu.

Framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000

Undirrituð telur umrætt mat í umhverfisskýrslu Hafnarfjarðarbæjar frá 7.2.2021 ekki uppfylla skilyrði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að lokum gerir undirrituð athugasemd við lokamálsgrein skýrslunnar, sbr. einnig kafla 6 og 6.1. Þar segir að áhrifin geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Undirrituð mótmælir þessu enda hefur sveitarfélagið engar forsendur til að fullyrða um þetta þegar ekki liggur fyrr fullnægjandi mat um áhrifin. Undirrituð telur þannig þvert á móti skýrar vísbendingar um að þetta risastóra mannvirki, alveg á mörkum friðlandsins, fali í sér umtalsverð neikvæð áhrif og falli undir mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Undirrituð áskilur sér fullan rétt til að kæra þá niðurstöðu sveitarfélagsins sérstaklega ef sveitarfélagið lætur ekki fara fram mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög.

Lokaorð

Undirrituð ítrekar kröfu um aðgang að öllum gögnum málsins, sbr. kæru til úrskurðarnefndar upplýsingamála, og krefst þess að fá aðgang að þeim án tafar. Er því hér gerður fyrirvari um framlagningu frekari sjónarmiða eftir að aðgangur hefur verið veittur að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

Hafnarfjörður, 21.6.2021

Hulda Hákonardóttir

Spóaási 10

Hafnarfirði